



ÖBÍ réttindasamtök
Alma Ýr Ingólfssdóttir formaður
Sigtúni 42
105 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2025
MSS25110116

Svar við bréfi ÖBÍ frá 24. nóvember 2025 er varðar NPA - þjónustu

Forseti borgarstjórnar þakkar ÖBÍ, réttindasamtökum, fyrir fyrirspurn dagsetta 24.nóvember varðandi NPA-þjónustu Reykjavíkurborgar.

Forseti borgarstjórnar er sammála ÖBÍ að þjónusta skv. lögum nr. 38/2018 er lögbundin þjónusta sem sveitarfélögum þessa lands ber að veita. Fyrir liggja útreikningar á kostnaði ef þær 42 umsóknir sem þegar hafa verið samþykktar verða fjármagnaðar. Gert er ráð fyrir að kostnaður Reykjavíkurborgar verði 1,2 milljarður á árinu 2026 en Reykjavíkurborg fjármagnar 75% samninganna en íslenska ríkið 25% í gegnum Jöfnunarsjóð.

Framangreindar 42 umsóknir skiptast þannig að 13 af þessum einstaklingum eru með NPA - samning en hafa óskað eftir aukningu á tímafjölda samnings. 29 einstaklingar bíða þess að þjónusta hefjist. Reykjavíkurborg reynir eftir fremsta megni að tryggja einstaklingum á bið úrræði við hæfi, meðan þess er beðið að NPA - þjónusta hefjist.

Fyrir liggur að ekki verða fjármagnaðir 42 samningar á árinu 2026 en leitast verður við að fjölga samningum á komandi ári. Borgaryfirvöld munu leggja upp áætlun um fjölgun NPA - samninga til næstu ára. Undirbúningsvinna er nú þegar hafin og mun fara fram á næstu vikum og í upphafi árs 2026.

Borgin myndi gjarnan vilja eiga samráð við ÖBÍ varðandi áætlun um fjölgun samninga.

Undirrituð er tilbúin til samtals um þær spurningar sem kunna að vakna.

Virðingarfyllst,

Sanna Magdalena Mörtudóttir,
forseti borgarstjórnar og formaður velferðarráðs



Reykjavík